

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég er samþykkur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel að sýkna beri Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps af öllum kröfum í málinu, þar eð félagið hafi engin slík afskipti haft af landlegu báta, sem H/f Miðnes er útgerðarmaður fyrir, að við lög varði.

Föstudaginn 22. september 1944.

Nr. 8/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar** (Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Deilt um það, hvort verklýðsfélag hafi stofnað til ólögmeats samúðarverkfalls.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

Munnlegur flutningur máls þessa fór upphaflega fram 12. okt. f. á., en með úrskurði dómsins 19. okt. s. á. var ákveðið, að uppsögn dóms skyldi frestað unz úrslit væru fengin í málinu nr. 5/1943. Dómur í því máli gekk ekki fyrr en 10. júlí s.l., og hefur nú munnlegur flutningur farið fram af nýju, þar sem svo langt er liðið frá upphaflegum flutningi þess.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps og atvinnurekenda suður þar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Höfst verkfall þar syðra þann 27. jan. 1943 hjá Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f, Miðnesi h/f, H/f Garði og Útvegsbændafélagi Gerðahrepps. Verkfall þetta náði fyrst og fremst til verkafólks, er vann almenna verkamannavinnu í landi. En jafnframt náði það til hlutarmanna á vélbátum, er gerðir voru út af nefndum hlutafélögum og félagsmönnum í ofangreindu útvegsbændafélagi, þó engin deila væri um kjör

hlutarmanna. Var stefnandi máls þessa, Finnbogi Guðmundsson, einn þeirra, sem verkfallið bitnaði á. Ýmsir bátar komu með fisk úr róðri þann 27. janúar, þar sem þeir höfðu róið aðfaranótt þess dags, eða áður en verkfallið hófst. Meðal þeirra voru tveir bátar úr útgerð Finnboga, þeir m/b Árni Árnason og m/b Trausti. Afli úr bátum þar syðra var um þessar mundir seldur matvælaráðuneyti Breta. Var hann fluttur á bifreiðum til Hafnarfjarðar í fisktökuskip þar. Unnu hlutarmenn að því að setja aflann á bifreiðarnar, og höfðu verkamenn þeir, er í landi voru og í deilu áttu um kaup og kjör, engin afskipti af því.

Með dómi þessa réttar í málinu nr. 5/1943 var talið, að óheimilt hefði verið að láta nefnt verkfall, eins og á stóð, ná til hlutarmanna, og það því talið ólöglegt að því leyti.

Alþýðusamband Íslands fór með samninga fyrir hönd verklyðsfélagsins í deilu þessari. Þann 23. janúar 1943, eða 4 dögum áður en verkfallið hófst, ritar það verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði og óskar þess, að félagið komi í veg fyrir, að skip, bátar eða bílar atvinnurekenda í Gerða og Miðnes-hreppi fái afgreiðslu á félagssvæði Hlífar, ef til verkfalls kæmi. Eru síðan í bréfinu taldir upp ýmsir bátar og bílar, þar á meðal þrír bátar, er gerðir voru út á vegum stefnanda, m/b Árni Árnason, m/b Trausti og m/b Ægir. Þann 26. jan. s. á. tilkynnir svo stjórn Hlífar Geir Zoëga í Hafnarfirði, en hann var umboðsmaður Breta þar og tók á móti fiskinum frá útgerðarmönnum í fisktökuskipin, að næsta dag hefjist verkfall í Sandgerði og Garði. Hafi trúnaðarmannaráð félagsins samþykkt að afgreiða ekki á félagssvæði Hlífar, meðan á vinnustöðvuninni standi, báta eða bíla í eign eða á vegum þeirra manna, sem eru taldir upp í bréfinu. Er sú upptalning samhljóða upptalningu í nefndu bréfi alþýðusambandsins til Hlífar.

Útgerðarmenn syðra vildu ekki sætta sig við þessa ákvörðun Hlífar um afgreiðslubann, og þann 28. janúar sendu þeir hlass af fiski til Hafnarfjarðar á bifreiðinni G. 85. Er bifreið þessi, sem er ein þeirra bifreiða, sem taldar voru á afgreiðslubannslista Hlífar, kom til Hafnarfjarðar, var bifreiðarstjóranum tjáð af hálfu trúnaðarmanna Hlífar, að því er virðist, að ekki yrði unnið við hana, af því að hún væri í banni samkvæmt nefndri tilkynningu Hlífar. Bifreiðinni var eigi að síður ekið niður á bryggju til affermingar. En er þangað kom hannaði

formaður Hlifar verkamönnum, sem þar unnu að affermingu annarra bifreiða, að vinna við hana, þar sem hún væri í banni og urðu verkamenn við þeirri fyrirskipun. Umboðsmaður Geirs Zoëga, Þorleifur Jónsson, er þarna var viðstaddur, mun þá hafa innt formann Hlifar eftir því, hvort banni þessu væri beint að sér, en formaðurinn er þá talinn hafa svarað því, að banninu væri beint gegn bílnum. Var bifreiðinni síðan ekið í burtu óafgreiddri.

Stefnandi telur, að á afgreiðslubann Hlifar verði að líta sem samúðarverkfali af félagsins hálfu til styrktar verkfalli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps. Telur hann, að samúðarverkfali þetta sé ólöglegt og byggir þá staðhæfingu sína á því, að ekki hafi um ákvörðun þess verið fylgt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938, því hvorki hafi farið fram atkvæðagreiðsla um það, a. m. k. ekki löglega, hvort verkfall skyldi hefja, né heldur hafi það verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum 16. gr. nefndra laga. Hér hafi líka verið um að ræða verkfall til styrktar verkfalli, sem hafi verið ólöglegt að nokkru leyti og 17. gr. sömu laga þannig verið brotin. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við 15., 16. og 17. gr. téðra laga.

Þegar afgreiðslubann Hlifar hófst kveðst stefnandi hafa átt í Sandgerði 9000 kg af nýjum fiski, tilbúnum til afhendingar. En sökum athafna Hlifar hafi hann ekki getað komið fiskinum í fisktökuskip og hafi því, eftir kröfu umboðsmanns Breta og samkvæmt ákvæðum í samningi milli íslenzkra stjórnvalda og Breta, orðið að salta fiskinn. Nemi tap hans á því 6 aorum pr. kg eða alls kr. 540.00.

Samkvæmt þessu eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að dæmt verði, að téð samúðarverkfali verkamannafélagsins Hlifar hafi verið ólöglegt.
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar vegna hins ólöglega verkfalls.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að upphæð kr. 540.00, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og
4. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Byggir hann sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að stefnandi sé ekki réttur aðilji máls þessa. Það hafi ekki verið gert

neitt verkfall hjá honum, en hins vegar geti hann ekki sótt stefnda til sakar vegna þess, þótt verkamenn í þjónustu Geirs Zoëga hafi lagt niður vinnu, að því er viðkom afgreiðslu á umræddum bíl, sem var í afgreiðslubanni samkvæmt tilkynningu Hlifar til Geirs Zoëga.

Þá mótmælir hann, að ákvörðun Hlifar um nefnt afgreiðslubann lúti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Afgreiðslubönn, þess konar, sem hér um ræðir, séu annars eðlis en verkföll þau og vinnustöðvanir, sem um ræðir í nefndum lögum og lúti ekki ákvæðum þeirra. En þó hið gagnstæða yrði talið, þá sé þessi ákvörðun Hlifar samt að öllu leyti lögleg, því hún hafi verið samþykkt á lögætum trúnaðarmannaráðsfundi og tilkynnt Geir Zoëga, en í hans þjónustu hafi þeir verkamenn verið, er neituðu að vinna í umrætt skipti. Hins vegar komi ekki til mála, að ákvæði 16. gr. oftnefndra laga um 7 daga frest eigi hér við, því þau ákvæði eigi aðeins við um félög, sem ætli að knýja fram ákvörðun um kaup og kjör sinna eigin félagsmanna. Þá telur stefndi, að það geti ekki heldur skipt máli hér, þótt verkfall hlutarmanna í umræddri deilu hafi verið dæmt ólöglegt.

Það verður ekki talið, að ákvörðun verkamannafélagsins Hlifar um afgreiðslubann á báta og bíla, sem greinir í bréfi félagsins til Geirs Zoëga og tilkynning hennar til hans geti út af fyrir sig leitt til refsingar eða refsíabýrgðar fyrir nefnt félag eða skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda þessa máls, enda þótt bátar, sem voru á hans vegum, væru taldir meðal þeirra farartækja, sem þar eru greind. Skiptir ekki máli í því sambandi, hvort taka þurfti nefnda ákvörðun samkvæmt fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1938 eða ekki, meðan afgreiðslubanninu var ekki í verki beint gegn stefnanda.

Nú er það hins vegar svo, að bifreið sú, sem flutti umræddan fisk til Hafnarfjarðar, var ein þeirra, sem upp voru taldar á afgreiðslubannslista Hlifar. Af gögnum málsins verður ekki annað séð, en bann forráðamanna Hlifar gegn afgreiðslu hennar í Hafnarfirði 28. janúar 1943 sé á því byggt, að hún sé í afgreiðslubanni, en hvergi er að því vikið, að bannið lúti að farmi hennar. Það þykja því ekki nægar sannanir fyrir því, að afgreiðslubann Hlifar hafi í verki verið framkvæmt gagnvart stefnanda og verða kröfur hans, þegar af þeirri ástæðu, ekki teknar til greina.

En með því að ekki er vitað, að stefnandi sé eigandi bif-

reiðar þeirrar, G. 85, sem afgreiðslubannið í verki beindist gegn, verður ekki dæmt um gildi þess í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið sannað, að stefndi hafi gerzt brotlegur við lög nr. 80/1938 vegna aðgerða gagnvart stefnanda í sambandi við umrætt afgreiðslubann né orðið bótaskyldur gagnvart honum og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. september 1944.

Nr. 9/1943. Þórður Guðmundsson (Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Deilt um það, hvort verklýðsfélag hafi stofnað til ólögnaðs samúðarverkfalls.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Þórði Guðmundssyni gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

Munnlegur flutningur máls þessa fór upphaflega fram 12. október f. á., en með úrskurði dómsins 19. október s. á. var ákveðið, að uppsögn dóms skyldi frestað unzt úrslit væru fengin í málinu nr. 6/1943. Dómur í því máli gekk ekki fyrir en 19. þ. m., og hefur nú munnlegur flutningur farið fram af nýju, þar sem svo langt er liðið frá upphaflegum flutningi þess.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps og atvinnurekenda suður þar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Hófst verkfall þar syðra þann 27. janúar 1943